



Akureyrarbær



## Boð á fund um “Styðjandi samfélag fyrir einstaklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra”

Ágæti bærarstjóri, bærarfulltrúar, fulltrúar í velferðarráði og sviðsstjórar Akureyrarbæjar.

Meðfylgjandi er boð á fund þar sem fylgt verður úr hlaði verkefninu *Styðjandi samfélag* fyrir einstaklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra. Þetta er nýsköpunarverkefni sem Öldrunarheimili Akureyrar og Alzheimersamtökin hafa unnið og áætlað er að taka upp á landsvísu. Verkefnið á Akureyri er innleiðingarverkefni og verður fyrirmynd fyrir önnur sveitafélög.

Til að marka upphaf verkefnisins er ykkur boðið að taka þátt í dagskrá í Ketilhúsinu föstudaginn 7. febrúar frá kl. 11.00 til 12.15.

Styðjandi samfélag gerir einstaklingum með heilabilun kleift að lifa í samfélagi sem skilur þeirra vanda, mætir þeim af virðingu og aðstoðar eftir þörfum með samfélagsfræðslu til stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka.

### Dagskrá:

**Fundarsetning: Ásthildur Sturludóttir bærarstjóri**

**Ávarp: Eliza Reid forsetafrú Íslands, verndari Alzheimersamtakanna**

**Hvað er heilabilun? Hulda Sveinsdóttir heilabilunarráðgjafi ÖA**

**Samfélagsleg ábyrgð: Sigurbjörg Hannesdóttir fræðslustjóri Alzheimersamtakanna**

**Heilavinur: Vilborg Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri Alzheimersamtakanna**

Fyrir hönd undirbúningshóps

Helga G. Erlingsdóttir, framkvæmdarstjóri ÖA